

Ársfundur Landspítala 2016 - skýringar með ársreikningi 2015

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Glæra 1



Heilbrigðisráðherra, forstjóri og aðrir ársfundargestir!

Ég mun nú gera grein fyrir ársreikningi Landspítala fyrir árið 2015.

REKSTRARREIKNINGUR


	2015	2014	Mism
Fjárheimildir til rekstrar	54.703	48.430	13,0%
- þar af sértekjur	6.632	4.876	36,0%
Launagjöld	38.645	34.720	11,3%
Rekstrargjöld	13.636	12.167	12,1%
Stofnkostnaður og endurbætur	2.414	2.318	4,1%
Fjármagnsliðir	-48	-25	88,7%
Gjöld samtals	54.647	49.179	11,1%
Rekstrarniðurstaða	56	-749	

2

Fjárheimildir og sértekjur ársins námu samtals 54.703 milljónum króna og rekstrargjöld 54.647 milljónum króna að teknu tilliti til fjármagnsliða. Á milli árunna 2014 og 2015 hækkuðu rekstrargjöld spítalans um 11,1% og fjárheimildir, að meðtöldum sértekjum um 13,0% á verðlagi hvors árs.

Rekstrarafgangur Landspítala á árinu 2015 nam 56 milljónum króna. Rétt er að halda því til haga að verkföll ársins leiddu til kostnaðarlækkunar svo sem vegna fækkunar skurðaðgerða og greiningarrannsókna. Við komum aftur að þessu síðar.

Glæra 3

LANDSPÍTALI 

ÁRSVELTA LANDSPÍTALA

	<i>2015</i>	<i>2014</i>
<i>Fjárheimildir og sértekjur samtals</i>	<i>54.703</i>	<i>48.430</i>
<i>S-merkt lyf greidd af Sjúkratryggingum Íslands</i>	<i>3.291</i>	<i>4.758</i>
<i>Velta</i>	<i>57.994</i>	<i>53.188</i>

3

Á árinu 2015 nam heildarvelta Landspítala tæplega 58 milljörðum króna að meðtalinni veltu vegna S merktra lyfja sem notuð eru á LSH en greidd af Sjúkratryggingum Íslands.

Glæra 4

REKSTRARREIKNINGUR

	2015	2014	Mism
<i>Fjárheimildir til rekstrar</i>	54.703	48.430	13,0%
- þar af sértekjur	6.632	4.876	36,0%
Launagjöld	38.645	34.720	11,3%
Rekstrargjöld	13.636	12.167	12,1%
Stofnkostnaður og endurbætur	2.414	2.318	4,1%
Fjármagnsliðir	-48	-25	88,7%
Gjöld samtals	54.647	49.179	11,1%
Rekstrarniðurstaða	56	-749	

2

Eins og áður segir þá hækkuðu fjárheimildir og sértekjur ársins um 13,0% á verðlagi hvors árs. Þar af nam hækkun sértekna um 36% eða um 1.756 milljónum á verðlagi hvors árs.

Launagjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn, eða tæplega 71% og hefur það hlutfall heldur hækkað milli ára. Rekstrargjöld, önnur en laun, eru næst stærsti kostnaðarliðurinn eða tæplega 25%. Gjöld vegna tækjakaupa, endurbóta og annars stofnkostnaðar námu 4%. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 48 milljónum króna.

SÉRTEKJUR

	2015	2014	Mism
Sértekjur	6.632	4.876	1.756
Vörusala Sjúkrahúsapóteks*	1.269	159	1.110
Þjónustusala, biðdeild á Vífilsstöðum	396	0	396
Þjónustusala, sjúkraflutningar	129	0	129
Þjónustusala, hjúkrun á sjúkrahótelum	44	0	44
Þjónustusala, ADHD teymi	22	0	22
Þjónustusala, aðrir samningar við Sí	633	583	51
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	657	553	104
Aðrar sértekjur	3.482	3.582	-100

*Breytt umsýsla S-lyfja

5

Þessi mikla hækkun sértekna, það er um 36%, tengist einkum breytingum í skipulagi en hefur ekki mikil áhrif á afkomu. Sértekjur hækka um 1.110 milljónir króna vegna lyfjasölu í afgreiðsluapóteki LSH í kjölfar breytts fyrirkomulags við afgreiðslu S-merktra lyfja. Á móti hækka gjöld vegna lyfjakaupa. Breytt fyrirkomulag fjármögnunar biðdeildar á Vífilsstöðum hækkar sértekjur en lækkar ríkisframlag á móti og sama á við um hjúkrun á sjúkrahótelum og svokallað ADHD teymi. Nýr samningur Sjúkratrygginga Íslands um sjúkraflutninga hækkar gjöld Landspítala en er fjármagnaður með sértekjum.

Tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum jukust frá fyrra ári vegna fjölgunar ferðamanna en kostnaður hefur að sama skapi aukist. Sala á þjónustu samkvæmt samningum við Sí hefur einnig aukist að umfangi með tilheyrandi hækkun sértekna og útgjalda. Aðrar tekjur drógust saman milli ára og má rekja það til verkfalla á árinu 2015 sem drógu verulega úr valkvæðri starfsemi spítalans og þar með tekjum vegna veittrar þjónustu.

LAUNAGJÖLD

	2015	2014	Mism
Launagjöld	38.645	34.720	11,3%
Dagvinnulaun	21.546	19.461	10,7%
Yfirvinna	3.729	3.330	12,0%
Álagsgreiðslur og önnur laun	6.128	5.101	20,1%
Launatengd gjöld	7.242	6.827	6,1%
<i>Fjöldi starfsmanna á launum, meðaltal</i>	4.923	4.827	2,0%
<i>Ársverk (stöðugildi)</i>	3.739	3.752	-0,3%

3

Launagjöld hækkuðu um 11,3% á milli áráanna 2014 og 2015. Dagvinnulaun hækkuðu um 10,7%, en kostnaður vegna yfirvinnu um 12%. Álagsgreiðslur og önnur laun hækkuðu um 20,1% en launatengd gjöld um 6,1%.

Starfsmönnum fjölgaði um 2,0% en dagvinnustöðugildum fækkaði um 0,3%. Þetta misræmi í fjölda starfsmanna annars vegar og greiddum dagvinnustöðugildum hins vegar stafar af verkföllum ársins. Mikilvægt er að túlka allar launaupplýsingar í ljósi verkfalla á árinu svo og nýrra kjarasamninga. Föst laun, eða dagvinnulaun, hefðu hækkað mun meira en raun ber vitni ef verkföll hefðu ekki komið til, fyrst og fremst vegna kjarasamningsbundinna hækkana.

Yfirvinnulaun hækkuðu um 12% milli ára eða rúmlega 1 prósentustigi umfram hækkun dagvinnulauna. Um það bil 7 prósentustig má rekja til taxtahækkana samkvæmt kjarasamningum en um 5 prósentustig til fjölgunar greiddra yfirvinnutíma, bæði vegna aukinnar breytilegrar yfirvinnu og aukinnar viðveru á bundnum vöktum og bakvöktum. Hækkun annarra launa er umfram taxtahækkanir kjarasamninga og skýrist það fyrst og fremst af eingreiðslum samkvæmt kjarasamningum og hækkun orlofs- og desemberuppbóta.

ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR


	2015	2014	Mism
Rekstrargjöld	13.636	12.167	12,1%
Lækn.-, hjúkr.- og ranns.vörur	3.993	4.294	-7,0%
Lyf	1.601	1.539	4,0%
Lyf skv. lyfseðli*	1.204	133	805,3%
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	3.708	3.523	5,2%
Aðrir rekstrarliðir	3.131	2.678	16,9%

* Breytt umsýsla S-lyfja

7

Rekstrargjöld, önnur en laun, hækkuðu um 12,1%. Kostnaður vegna lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvara dróst saman um 7%. Þessi lækkun stafar annars vegar af skertri starfsemi vegna verkfalla en hins vegar af góðum árangri í innkaupum spítalans. Hækkun lyfjakostnaðar á deildum Landspítala milli ára nam rúmlega 60 milljónum króna á verðlagi hvors árs eða 4%. Hins vegar hækkaði lyfjakostnaður vegna lyfja sem afhent eru samkvæmt lyfseðli verulega og stafar það einkum af breyttu fyrirkomulagi við afgreiðslu S-merktra lyfja á lyfseðlum úr apóteki Landspítala.

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld og aðrir rekstrarliðir hækkuðu samtals um 638 milljónir eða 10,3%. Þessi hækkun skýrist til dæmis af auknum kostnaði vegna sjúkraflutninga í kjölfar nýs samnings Sjúkratrygginga Íslands við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og auknum kostnaði vegna matvæla svo eitthvað sé nefnt.

LANDSPÍTALI 

STOFNKOSTNAÐUR OG ENDURBÆTUR

	2015	2014
<i>Tækjakaup, meiriháttar</i>	1.759	1.642
<i>Kvennadeild, endurnýjun á móttöku</i>	101	0
<i>Ýmsar viðgerðir utanhúss, þak- og rakaskemmdir</i>	177	0
<i>Fossvogur, endurbætur utanhúss</i>	47	129
<i>Landakot, endurbætur utanhúss</i>	44	75
<i>Hringbraut aðalbygging, endurbætur utanhúss</i>	43	58
<i>Hringbraut, endurbætur bráðalyfta</i>	42	75
<i>Endurbætur, geðdeildir</i>	26	56
<i>Gámaskrifstofur</i>	24	110
<i>Kjarnarannsóknarstofa, endurnýjun</i>	20	48
<i>Annað</i>	131	124
Samtals	2.414	2.318

8


Á árinu 2015 var 1.759 milljónum króna varið til meiriháttar tækjakaupa en árið 2014 var þessi fjárhæð 1.642 milljónir. Framlag til tækjakaupa skv. fjárlögum hækkaði um 184 milljónir milli ára úr 1.262 milljónum króna á árinu 2014 í 1.446 milljónir á árinu 2015. Sú hækkun var samkvæmt áætlun stjórnvalda um uppbyggingu tækjakosts spítalanna. Auk þess bárust sjúkrahúsinu margar rausnarlegar tækjagjafir á árinu. Þar má nefna aðgerðapjarka sem að verulegum hluta var fjármagnaður af söfnunarfé frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, beinþéttnimæli sem gefinn var af Mjólkursamsölunni og sjúkrarúm sem gefin voru af Arion banka.

Á árinu barst Landspítala, fyrir hönd íslenskrar þjóðar, vilyrði fyrir gjöf Íslenskrar Erfðagreiningar á jáeindaskanna og viðeigandi húsnæði. Andvirði gjafarinnar er allt að 5,5 milljónir bandaríkjadollara eða um 700 milljónir króna. Þessarar höfðinglegu gjafar sjást ekki merki í ársreikningi ársins 2015, enda tæki og húsnæði ekki enn tekið í notkun, en engu að síður er rétt og skylt að nefna hana þegar fjallað er um gjafir til Landspítala á árinu 2015.

Árið 2015, og einnig árið 2014, reyndist nauðsynlegt að verja meira fé til endurbóta á húsnæði en sem nam ríkisframlagi til málaflokksins. Árið 2015 var varið 655 milljónum króna til þessara verkefna en 676 milljónum árið 2014. Árið 2015 var tæplega helmingi fjárens, eða 311 mkr, varið til endurbóta


utanhúss vegna vatns- og rakaskemmda á þökkum og veggjum húsnæðis við Hringbraut, í Fossvogi, á Landakoti og víðar. Stærsta verkefnið innanhúss var endurnýjun á móttöku kvennadeildar en kostnaður við það nam um 100 milljónum króna, þar af komu 25 milljónir frá styrktarfélaginu Líf.

Glæra 9

LANDSPÍTALI 		
EIGNIR OG SKULDIR		
	<i>2015</i>	<i>2014</i>
<i>Eignir:</i>		
<i>Skammtímakröfur</i>	<i>1.777</i>	<i>1.417</i>
<i>Birgðir</i>	<i>751</i>	<i>748</i>
<i>Skuldir:</i>		
<i>Höfuðstóll</i>	<i>-2.905</i>	<i>-2.961</i>
<i>Viðskiptaskuldir</i>	<i>3.436</i>	<i>4.157</i>
<i>Skuld við ríkissjóð</i>	<i>1.810</i>	<i>769</i>

Skammtímakröfur eru 1.777 milljónir og hafa hækkað um 360 milljónir króna milli ára. Verðmæti birgða jókst úr 748 milljónum í 751 milljón árið 2015. Viðskiptaskuldir lækkuðu úr 4.157 milljónum króna í 3.436 milljónir eða um 721 milljón króna. Skuld við ríkissjóð í árslok nam 1.810 milljónum króna.

Neikvæður höfuðstóll Landspítala var 2.961 milljón árið 2014 en var 2.905 milljónir króna í árslok 2015 að teknu tilliti til rekstrarafgangs ársins. Eins og kunnugt er gerðu yfirvöld á árinu 2009 samkomulag við Landspítala um niðurfellingu uppsafnaðs taps ef tækist að reka spítalann án halla í 3 ár. Sjúkrahúsið uppfyllti þetta skilyrði árin 2010, 2011 og 2012 þrátt fyrir fordæmalausan niðurskurð opinberra fjárframlaga. Enn vantar þó um 737 milljónir króna upp á að fyrirheit stjórnvalda um jöfnun uppsafnaðs taps hafi verið efnt að fullu. Nemur þetta ríflega fjórðungi af uppsöfnuðum neikvæðum höfuðstól eins og hann stendur í dag.




Þessi mynd sýnir þróun opinberra útgjalda til heilbrigðisþjónustu í heild (svarta línan), til sjúkráhusþjónustu almennt (græna línan) og til Landspítala (rauða línan). Tölurnar hér eru fengnar úr Þjóðhagsreikningi og ársreikningum Landspítala og árið 2001 notað sem viðmið enda fyrsta heila árið í rekstri Landspítala eftir sameiningu sjúkráhusanna í Reykjavík.

Á árunum 2001 til 2007 jukust útgjöld til allra flokkanna en mismikið og sýnu minnst hlutfallslega til Landspítala. Árið 2008 hófst samdráttur útgjalda hvað Landspítala varðar en miðað við árið 2001 var hins vegar áfram aukið við gagnvart heilbrigðisþjónustu í heild, og til sjúkráhusþjónustu almennt. Eftir 2008 varð samdráttur í öllum þremur flokkunum en hlutfallslega mun meiri gagnvart LSH. Í samanburði við heilbrigðis- og sjúkráhusþjónustu almennt hófst samdráttur ríkisútgjalda til LSH fyrr, var hlutfallslega meiri og skilaði sér seinna til baka þó svo sannarlega megi sjá skýran bata á allra síðustu árum eins og myndin ber með sér.

Engu að síður voru opinber útgjöld á föstu verðlagi til Landspítala árið 2015 nánast hin sömu og árið 2002 en talsvert minni en árið 2003 og miklum mun minni en árið 2007. Það er þó ekki svo að verkefni Landspítala hafi dregist saman á þessum árum, þvert á móti hafa Landspítala verið falin verulega aukin verkefni svo sem rekstur Rjúðurs, réttargeðdeildar og öldrunarbiðdeildar á

Vífilsstöðum auk sameiningar við sjúkrahússvið St. Jósefsspítala. Rétt er að taka fram að í þessum samanburði hefur verið leiðrétt fyrir flutningi útgjalda vegna S-merktra lyfja frá LSH til Sí árið 2009.


Glæra 11



Fyrir utan beinan tilflutning verkefna til Landspítala þá hefur eftirspurn eftir þjónustu sjúkrahússins aukist mjög vegna öldrunar þjóðarinnar og aukinnar tíðni langvinnra sjúkdóma. Fjölgun landsmanna almennt hefur að sjálfsögðu einnig áhrif enda er Landspítali sjúkrahús allra landsmanna auk þess að vera nærsjúkrahús stærsta byggðarlags landsins þar sem fólksfjölgun er einnig langmest.

Íslendingar yfir 67 ára aldri eru nú 11,9% landsmanna – og fjölgaði um 3,1% bara á árinu 2015. Þessi hópur stóð á bak við 54% legudaga á Landspítala árið 2015. Reikna má með að níu af hverjum 10 einstaklingum yfir 67 ára aldri hafi einn eða fleiri langvinnan sjúkdóm.

Almennt má reikna með að eftirspurn eftir þjónustu aukist þre- til fimmfalt eftir 67 ára aldur, það er að kostnaður við þjónustu þessa aldurshóps sé þre- til fimmfalt hærri en meðal þeirra sem yngri eru. Auk þess hafa langvinnir sjúkdómar í för með sér aukinn kostnað í öllum aldurshópum en slíkir sjúkdómar eru, eðli málsins samkvæmt, algengari meðal þeirra sem eldri eru. Þetta tvennt – öldrun þjóðarinnar og aukin tíðni langvinnra sjúkdóma, hér eins og annars staðar á vesturlöndum, eykur eftirspurn eftir þjónustu langt umfram það sem ætla mætti ef eingöngu væri litið á höfðatölur.



Hér sjáum við aftur þróun fjárveitinga til Landspítala (rauða línan) en einnig hlutfallslega fjölgun landsmanna almennt (bláa brotalínan), fjölgun 67 ára og eldri (gula línan) og fjölgun aldraðra, þe 80 ára og eldri, gráa línan. Upplýsingar um þróun mannfjölda koma frá Hagstofunni. Allt er þetta á sama tímabili og sýnt á sama skala og hlutfallsleg þróun fjárveitinga.

Þessi mynd sýnir með óyggjandi hætti að þó vissulega hafi verið aukið í á síðustu árum þá vantar enn verulega upp á að framlög séu í takt við þróun eftirspurnar enda eru þau að raunvirði á svipuðu róli og í upphafi aldarinnar þrátt fyrir að Landspítala hafi verið falinn fjöldi nýrra verkefna og þrátt fyrir að landsmönnum hafi fjölgað verulega, meðalaldur hækkað svo um munar og byrði langvinnra sjúkdóma þyngst hér eins og á öðrum vesturlöndum. Það er kannski einfaldast að horfa bara á þessa mynd sem kalda tölfræði. Við sem störfum á Landspítala sjáum hana hins vegar sem daglega áskorun við að tryggja öryggi sjúklinga og tryggja sess þeirra í öndvegi þar sem þeir eiga heima.



METIN FJÁRÞÖRF OG REKSTRARNIÐURSTAÐA

	<i>2015</i>
	1.800
	1.120
	-680
	700
<i>Rekstrarniðurstaða</i>	<i>56</i>

14

Það er áhugavert að skoða rekstrarniðurstöðu ársins 2015 í samhengi annars vegar við það mat á fjárþörf sem Landspítali lagði fram við gerð fjárlaga þess árs og hins vegar í samhengi við þá atburði sem mótuðu rekstur ársins, þ.e. verkföll heilbrigðisstétta.

Viðbótarfjárþörf fyrir árið 2015 nam um 1.800 milljónum króna samkvæmt fyrirbyggjandi rekstrarforsendum og spálíkönum Landspítala um þróun eftirspurnar út frá aldursdreifingu, sjúkdómsbyrði og fleiru. Við fjárlagagerð var að lokum ákveðið að styrkja rekstrargrunn spítalans um 1.120 milljónir eða 680 milljónum lægri fjárhæð en mat Landspítala gerði ráð fyrir. Verkföll ársins skertu starfsemi og lækkuðu rekstrarkostnað spítalans um ríflega 700 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða ársins var í jafnvægi, réttum megin við núllið. Það má því gera ráð fyrir að án verkfalla hefði rekstrarafkoman verið nálægt 700 milljón króna halla. Spár Landspítala um þróun eftirspurnar og þar með rekstrarkostnaðar stóðust því mjög vel, enda byggðar á raungögnum sjúkrahússins og Hagstofunnar. Landspítali er stoltur af þeim árangri starfsmanna sem rekstrarniðurstaða ársins endurspeglar enda sýnir hún svo ekki verður um villst að spálíkön spítalans eru nákvæm og spítalinn fullfær um að halda rekstrarkostnaði innan fjárheimilda – ef jafnvægi er milli veittrar þjónustu og þess fjár sem ætlað er til hennar. Landspítali harmar hins vegar að samræmi í fjárheimildum og veittri þjónustu á árinu 2015 hafi í raun verið knúið fram með þeirri

þjónustuskerðingu sem verkföllin leiddu til frekar en að því jafnvægi hafi verið náð með raunhæfum fjárveitingum sem endurspegla eftirspurn eftir þjónustu, eins og hún er í dag. Að því sögðu er ástæða til að fagna sérstaklega orðum ráðherra hér fyrr á fundinum en hann greindi frá því að í vændum væri innleiðing framleiðslutengdrar fjármögnunar á spítalanum, samkvæmt svokölluðu DRG kerfi, en í því kerfi er einmitt tekið mið af verkefnum og framleiðslu sem er það sem sjúkrahúsið hefur kallað eftir.

Glæra 14 – lokaglæra

